

Re: Taflfélag Garðabæjar erindi

Til : Kári Jónsson
Frá : Bjarnsteinn Þórsson <bjarnst@gmail.com>
Heiti : Re: Taflfélag Garðabæjar erindi
Málsnúmer : 1908441
Málsaðili : Íþróttafulltrúi Garðabæjar
Skráð dags : 27.08.2019 16:00:20
Höfundur : Bjarnsteinn Þórsson <bjarnst@gmail.com>

Sæll Kári

Er einhver flötur á að fá viðbótarstyrk til Taflfélagsins vegna sigurs í 3. deildinni í Íslandsmóti Skákfélaga í fyrra.

Bestu kveðjur
Bjarnsteinn Þórsson
gjaldkeri TG

mið., 21. ágú. 2019 kl. 11:23 skrifaði Guðjón Erling Friðriksson <gudjon@gardabaer.is>:

Sæll Bjarnsteinn

Varðandi erindi þitt um styrk vegna góðs árangur á Íslandsmóti í skák að þá vísa ég því áfram á Kára Jónsson, íþróttafulltrúa.

Hvað varðar aðgang að Sveinatungu að þá getum við ekki bundið húsnæðið vegna reglubundinna æfinga en til greina kemur að nýta aðstöðuna fyrir einstaka viðburði eins og skákmót.

Með kveðju,

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.

gudjon@gardabaer.is

www.gardabaer.is

s: 525 8521/820 8521

From: Bjarnsteinn Þórsson [mailto:bjarnst@gmail.com]
Sent: þriðjudagur, 20. ágúst 2019 15:06
To: Guðjón Erling Friðriksson <gudjon@gardabaer.is>
Subject: Re: Taflfélag Garðabæjar erindi

Sæll Guðjón

Ég sendi þetta erindi á þig fyrir nokkrum dögum, en Páll Sigurðsson fyrrverandi formaður benti mér á að hafa samband við þig.

Ef þetta er ekki á þinni könnu, hvert ætti ég þá að snúa mér ?

Og rétt að komi fram að við unnum þriðju deildina á síðasta ári :)

Bestu kveðjur

Bjarnsteinn

fös., 16. ágú. 2019 kl. 12:43 skrifaði Bjarnsteinn Þórsson <bjarnst@gmail.com>:

Sæll Guðjón

Það eru tvö erindi sem mig langar til að eiga við þig.

Fyrri erindið eru umsókn um aukastyrk til félagsins vegna góðs árangurs B liðsins okkar í Íslandsmóti Skákfélaga, en þar sigruðum við deildina og munum eiga lið í tveim efstu deildum á komandi tímabili. Mér skilst að það séu fordæmi fyrir slíkum aukastyrkjum, en það er talsvert hærri þáttökugjöld í 2. deild en þeirri 3.

Seinna erindið er aðstaðan okkar, sem nú er í Betrunarhúsinu.

Einn félagi okkar var í Sveinatungu á 17. júní og fannst húsnaðið þar henta fyrir starfsemi félagsins. Er einhver flötur á að við fáum inni þar í vetur fyrir starfsemi okkar ? Mér skilst að þetta húsnaði sé hugsað sem aðstaða fyrir félagasamtök og viðburði.

Bestu kveðjur

Bjarnsteinn Þórsson

Gjaldkeri TG

Afrit send á aðra stjórnarmenn TG, þ.e. Sindra Guðjónsson formann og Sóleyju Pálsdóttur ritara

Efni þessa tölvupósts og viðhengi hans kann að vera trúnaðarmál og er eingöngu ætlað þeim sem hann er stílaður á. Viðtakanda ber að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn ranglega borist honum. Vinsamlega eyðið póstinum í slíkum tilvikum. Tölvupóstur sem tengist ekki starfsemi Garðabæjar er á ábyrgð sendanda.

This e-mail and its attachments may contain confidential and privileged information only intended for the person or entity to which it is addressed.